

SAMÞYKKT

93

15. júní

um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík.

1. gr.

Rakarastofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal rakarastofum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag.

Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir: Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal loka stofunum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilað að hafa stofurnar opnar til kl. 11 síðdegis og einn dag á undan þeim degi, þremur virkum dögum áður til kl. 9 síðdegis, en miðvikudaginn fyrir skírdag til kl. 8 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 14. september skal á laugardögum, nema laugardaginn fyrir hvítasunnu, loka stofunum kl. 12 á hádegi, en þá er jafnframt heimilt að hafa stofurnar opnar til kl. 8 síðdegis á föstudögum frá 14. maí til 13. september.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar rakarastofur vera opnar.

Dagana 1. maí, 17. júní og 1. desember skal loka stofunum kl. 1 síðdegis, ef þá daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Þá, sem komnir eru inn í rakarastofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík nr. 58 5. júní 1937, svo og samþykktir um breytingar á henni nr. 92 9. júní 1941 og nr. 98 29. júní 1942.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.